



Í beinni
Viðburður verður sýning

Live
Show As Exhibition

Pierre Huyghe

Hafnarhús
23. febrúar – 29. apríl



Nú er ekki fimi til að láta sig dreyma, This is Not A Time For Dreaming, 2004

Í beinni Viðburður verður sýning

Pierre Huyghe fæddist í París árið 1962. Hann stundaði myndlistarnám við École Nationale Supérieure des Arts Décoratifs þaðan sem hann útskrifaðist árið 1985. Huyghe býr og starfar í París en verk hans hafa verið sýnd í mörgum af helstu söfnum heims, þar á meðal Tate Modern í London 2006, Moderna í Stokkhólmi 2005, Guggenheim og Dia Center í New York 2003. Auk þess var Huyghe fulltrúi Frakka á Feneyjatværingnum árið 2001.

Á síðari hluta tuttugustu aldar voru franskir myndlistarmenn ekki áberandi í heimi alþjóðlegrar samtímalistar, en undir lok aldarinnar beindist kastljósið æ meir að þeim og þeir urðu sýnilegir sem þátttakendur í stórum alþjóðlegum sýningum. Margir þeirra eru nú áberandi hjá virtum alþjóðlegum galleríum eins og Marian Goodman sem hefur á sínum snærum listamennina Christian Boltanski, Annette Messager og Pierre Huyghe. Aðrir franskir listamenn sem vert er að nefna og hafa verið áberandi á undanförnum árum eru meðal annarra Pierre & Gilles, Jean-Michel Othoniel, Jean-Mac Bustamante, M/M hönnunarteymið auk listamanna sem starfa í París svo sem Thomas Hirschhorn.

Pierre Huyghe hefur frá því um 1990 vakið athygli fyrir fjölbreytt verk unnin í margvislega miðla, bæði í hefðbundnum sýningarýmum og á öðrum opinberum stöðum. Auk þess að vinna umfangsmiklar innsetningar hefur hann sýnt skúlptúra, veggspjöld, ljósmyndir, kvikmyndir og verk sem kalla á þátttöku almennings. Í verkunum kristallast áhugi hans á skáldlegum þáttum sem finna má við allar aðstæður og skapa spennu á milli raunveruleika og ímyndunar eða uppspuna.

Sýningar á verkum Huyghe einkennast af viðleitni hans til að þróa form myndlistarsýninga og hafa áhrif á viðmið og nálgun við myndlist í hefðbundnum sýningarými. Regla og stöðugleiki einkenna hefðbundnar myndlistarsýningar en myndlist samtímans og þar með talin verk Huyghe einkennast af hreyfanleika

og óstöðugleika. Tími, hreyfing og staður hafa áhrif á framsetningu verkanna og upplifun sýningargestsins.

Sýningin í Listasafni Reykjavíkur ber yfirskriftina **Í beinni – Viðburður verður sýning** og vísar til þess að upplifun gestsins er bein og millilíðalaus eins og við lifandi tónlistarflutning. Titillinn kallar einnig á samanburð á upplifun sviðsverka og hinnar kyrru upplifunar sem einkennir hefðbundnar myndlistarsýningar. Verkin á sýningunni eru þrjár stórar innsetningar í þremur sölum safnsins þar sem verk úr safneign Listasafns Reykjavíkur eru sett upp og virkjuð með utan- aðkomandi tækni samkvæmt fyrirframgefinni forskrift. Tæknin og fiminn gera hina annars kyrru myndlistarsýningu að uppsetningu eða sviðssetningu með þátttöku almennings. Þar að auki eru sýndar þrjár kvikmyndir.

Nú er ekki tími til að láta sig dreyma, 2004, 24 mínútur

Verkið er upprunalega unnið í tengslum við Harvard háskóla í Bandaríkjunum árið 2004. Huyghe var beðinn að vinna verk í tengslum við byggingu Le Corbusier sem hýsir myndlistardeild skólans. Huyghe vann kvikmynd úr brúðuleikhússýningu sem hann setti á svið í byggingunni. Brúðuleikhúsið lýsir, með söng og leik, baráttu Le Corbusier við að fullgera bygginguna og svipaðri upplifun Huyghe af því að vinna verkið fyrir skólann. Reynsla arkitektsins og listamannsins ásamt byggingunni verða efniviður draumkenndrar kvikmyndar, þar sem mætast heimar ímyndunar og raunveruleika.

Við gerð verka sinna vinnur Huyghe of með fjölda annarra listamanna. Í þessu verki er texti myndarinnar eftir Liam Gillick og fluttur af listfræðingnum James Ackerman. Tónlistin er sett saman úr brotum úr verkum eftir Edgard Varèse og Iannis Xenakis auk hluta úr sönglaginu *Le temps des cerises* með texta eftir Jean Baptiste Clément túlkðuðum af Charles Trenet.

Ferð sem ekki var farin, 2006, 24 mínútur

Myndin var að hluta tekin í leiðangri á Suður-skautlandinu þar sem listamaðurinn leitaði einstæðrar þjóðsagnakenndrar skepnu. Skepnan er sögð búa á eyju sem komið hefur undan íshellunni við

hlýnun jarðar og er áður ökönnuð. Hluti myndarinnar var síðan tekinn í Central Park í New York þar sem Huyghe sviðsetti endurgerð ferðarinnar. Í verkinu er stefnumót raunveruleika, sagna og ævintýralegs forms sviðsetningarinnar færð í búning kvikmyndar.

Streamside hátíðin, 2003, 26 mínútur

Myndin er tekin á hátíð sem listamaðurinn stóð fyrir í nýlegu úthverfi í Bandaríkjunum. Hátíðinni var ætlað að fagna tilurð þessa nýja samfélags og verða árlegur viðburður í lífi íbúanna. Huyghe skapar viðburð fullan gleði og síðum sem verða munu raunverulegur þáttur í árlegum hátíðarhöldum bæjarbúa.

Í beinni - Viðburður verður sýning, er vettvangur þar sem leitast er við að skapa andrúm frelsis, fögnuðar og þátttöku. Kvikmyndirnar endurspeglar áhuga Huyghe á síðum, sögnum og skáldskap eða þeirri mynd sannleikans sem birtist í heimildamyndum. Hér er á ferðinni samspil hugmynda sem leitast við að skapa andrúm áskorunar þar sem hægt er að takast á við spurningar samfimens með frjálsum huga.

Sýningin er hluti af menningarveislunni *Pourquoi Pas?* – Franskt vor á Íslandi og er unnin í samstarfi við Culturefrance/AFAA og franska sendiráðið með stuðningi frá Glitni.

Live Show As Exhibition

Pierre Huyghe was born in Paris in 1962. He studied visual art at the École Nationale Supérieure des Arts Décoratifs, from which he graduated in 1985. Huyghe's work has been exhibited in many of the world's leading museums, including the Tate Modern in London in 2006, the Moderna in Stockholm in 2005, and the Guggenheim and The Dia Center for the Arts in New York in 2003. Huyghe represented France at the Venice Biennale in 2001. He lives and works in Paris.

In the latter part of the twentieth century French artists were not numerous in the world of international contemporary art, but toward the millennium they drew increasing attention, gaining eminence through participation in large international exhibitions. Nowadays French artists are conspicuous in prestigious international galleries such as The Marian Goodman Gallery, whose stable includes Christian Boltanski, Annette Messager and Pierre Huyghe. Other notable French artists who have come to prominence in recent years include Pierre & Gilles, Jean-Michel Othoniel, Jean-Mac Bustamante, the M/M design team, and Paris-based artists such as Thomas Hirschhorn.



Nú er ekki tími til að láta sig dreyma, *This Is Not A Time For Dreaming*, 2004

Since 1990, Pierre Huyghe has attracted notice for diverse multimedia works in both conventional exhibition spaces and other public places. In addition to broad-ranging installations, he has exhibited photography, films, objects, posters, and works inviting public interventions. His artwork crystallizes his interest in qualities that can be discovered in all circumstances, creating tension between reality and imagination or facts and fabrication.

Exhibitions of Huyghe's work are distinguished by his efforts to develop the form of the exhibition, to shape the norm and approach to art in conventional exhibition spaces. Order and stability characterize conventional exhibitions, but contemporary art, including Huyghe's work, is characterized by mobility and instability. Time, motion, and location influence how the artworks come across and affect the viewer's experience.

The title of this exhibition at The Reykjavik Art Museum, **Live – Show As Exhibition**, suggests how visitors may experience the works in a direct and unmediated way, like a performance of live music. The title also invites comparison between the experience of a staged production and the quiet experience characteristic of traditional art exhibitions. The exhibit comprises three installations, in three museum galleries, in which works from the Reykjavik Art Museum's collection are displayed and activated by a time protocol. In the course of the presentation the collective exhibition will become a show. In addition, three films/documents will present exhibitions taking the form of live public shows.

This Is Not A Time For Dreaming, 2004, 24 Minutes

This work was originally created in conjunction with Harvard University in 2004. Huyghe was commissioned to create a work involving the Carpenter Center, designed by Le Corbusier, which houses Harvard's Fine Arts Department. Huyghe staged a puppet show in the building and filmed it. The puppet show details, in song and play, Le Corbusier's struggle to complete the building and Huyghe's similar experience in fulfilling his commission for the school.

The architect's and artist's experiences, along with the building itself, form the basis of a dream-like film from the borderlands of imagination and reality.

In his works Huyghe collaborates with other artists and in this work the text is by Liam Gillick, narrated by James Ackerman. The soundtrack includes excerpts from works by Edgard Varèse and Iannis Xenakis and excerpts from the song, *Le temps des cerises*, lyrics by Jean Baptiste Clément, interpreted by Charles Trenet.

A Journey That Wasn't, 2006, 24 Minutes

Part of the film was filmed on a journey to the Antarctic, which the artist undertook to search for a unique mythological creature. The creature is purported to live on an island, hitherto unexplored, which has emerged from under the ice cap because of global warming. The remainder of the picture was filmed in New York's Central Park, where Huyghe staged a reenactment of the trip. In this work, a convergence of reality, report, and fantastical staging is captured on film.

Streamside Day, 2003, 26 Minutes


This film was made at a festival which the artist presided over in a new residential development in New York State. The festival was intended to celebrate the birth of this new community and thereafter to become an annual event in the life of the community's inhabitants. Huyghe creates an event full of entertainment and ritual which bodes to become a force in the annual town celebrations.

Live – Show As Exhibition is a venue intended to create an atmosphere of freedom, celebration, and participation. The movies reflect Huyghe's interest in rituals, myths, fiction, and the image of truth presented in documentary films. The ideas in play here are orchestrated to create an atmosphere of challenge, in which questions of the moment can be freely and openly engaged.

Supported by the French Embassy and Culturesfrance/AFAA as part of *Pourquoi Pas? – French Spring in Reykjavik*, a citywide celebration of French culture in Reykjavik.



Ferð sem ekki var farin, A Journey That Wasn't, 2006



Ferð sem ekki var farin, A Journey That Wasn't, 2006





Sunnudag 18. mars kl. 15:00

Fyrirlestur

Guja Dögg, deildarstjóri byggingarlistardeildar Listasafns Reykjavíkur, fjallar um verk arkitektsins Le Corbusier, með áherslu á byggingu Harvard University sem Pierre Huyghe vinnur inn í sýninguna.

Sunday 18 March, 15:00

Lecture

Guja Dögg, Head of Department of Architecture, discusses the oeuvre of architect Le Corbusier, focusing on Harvard University's Carpenter Center, which is featured in Pierre Huyghe's work This is not a Time for Dreaming.

Opið Opening hours

Hafnarhús Tryggvagata 17, daglega daily 10–17

Kjarvalsstaðir Flókagata, daglega daily 10–17

Ásmundarsafn Ásmundur Sveinsson Sculpture Museum, Sigtún

1.5.–30.9. daglega daily 10–16

1.10.–30.4. daglega daily 13–16

Ókeypis aðgangur alla fimtudaga

Free entrance every Thursday

Aðgöngumiðinn gildir í þrjú daga í öll húsini

The admission ticket is valid for three days in all three museums (Hafnarhús, Kjarvalsstaðir, Ásmundarsafn)

Alla sunnudaga kl. 15 er leiðsögn um sýningar á Kjarvalsstaðum og í Hafnarhúsi.

Guided Tours in English Thursdays at 3 pm. at Kjarvalsstaðir

Á Kjarvalsstaðum er dagskrá fyrir börn í Norðursal alla sunnudaga kl. 14.

Í boði er táknaðstúlkun við sunnudagsleiðsögn; pantu þarf túlkun með minnst viku fyrirvara.


Hægt er að pantu leiðsögn fyrir hópa 10–50 gesta.

Hægt er að fá leiðsögn á erlendum tungumálum.

Upplýsingar fraedsludeild@reykjavik.is



Morgunblaðið



POURQUOI PAS?
FRANSKT VOR Á ÍSLANDI

